



## ODDSSKARÐ - FÆRSLA SKÍÐALYFTU

Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu

09.05.2023



## SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

### SKJALALYKILL

1860-055-SKY-001-V01

### SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01 / 20

### VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Aron Leví Beck

### VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Guðmundur Magni Bjarnason

### LYKILORÐ

Oddsskarð, skíðasvæði, matsskyldufyrirspurn, Fjarðabyggð, mat á umhverfisáhrifum

### STAÐA SKÝRSLU

- Í vinnslu  
 Drög til yfirlestrar  
 Lokið

### DREIFING

- Opin  
 Dreifing með leyfi verkkaupa  
 Trúnaðarmál

### TITILL SKÝRSLU

Oddsskarð – Færsla skíðalyftu  
Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu.

### VERKHEITI

Deiliskipulag Oddsskarðs

### VERKKAUPI

Fjarðabyggð

### HÖFUNDUR

Snævarr Örn Georgsson

### ÚTDRÁTTUR

Í mars 2023 var samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir skíðasvæðið í Oddsskarði í sveitarfélaginu Fjarðabyggð. Deiliskipulagið nær yfir svæði sem skilgreint er sem íþróttasvæði í núgildandi aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040. Þar er gert ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á, þ.e.a.s til skíðaiðkunar og þjónustu við iðkendur.

Árið 2010 var gert snjóflóðahættumat fyrir skíðasvæðið og kom þá í ljós að gera þyrfti breytingar innan svæðisins. Árið 2017 voru Oddsskarðsgöng aflögð og þar með vegurinn að þeim, en vegurinn lá þvert í gegnum skíðasvæðið. Því hafa því fjölmargir möguleikar opnast fyrir svæðið, sá umfangsmesti að færa byrjendalyftuna þannig að staðsetning hennar verði utan snjóflóðahættusvæðis.

Greinargerð þessi er send inn til Skipulagsstofnunar með fyrirspurn um matsskyldu. Farið er yfir eðli og þætti framkvæmdanna, samræmi við skipulag og helstu umhverfisáhrifum lýst.



## ÚTGÁFUSAGA

---

HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
Snævarr Örn Georgsson	4.5.2023	Kamma Dögg Gísladóttir	8.5.2023	Snævarr Örn Georgsson	9.5.2023
		Aron Leví Beck	9.5.2023		



## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>9</b>
1.1	Mat á umhverfisáhrifum	9
1.2	Upplýsingar um framkvæmdaraðila	9
<b>2</b>	<b>UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDINA</b>	<b>10</b>
2.1	Staðhættir	10
2.2	Framkvæmdir í samræmi við nýtt deiliskipulag	12
2.3	Valkostir	13
2.4	Leyfi sem framkvæmdin er háð	14
<b>3</b>	<b>SKIPULAG</b>	<b>15</b>
3.1	Aðalskipulag	15
3.2	Deiliskipulag	15
<b>4</b>	<b>HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR</b>	<b>16</b>
4.1	Gróður	16
4.1.1	Niðurstaða	17
4.2	Fuglalíf	17
4.2.1	Niðurstaða	17
4.3	Jarðmyndanir	17
4.3.1	Niðurstaða	17
4.4	Landslag og ásýnd	17
4.4.1	Niðurstaða	18
4.5	Fornminjar	18
4.5.1	Niðurstaða	18
4.6	Samfélag	18
4.6.1	Niðurstaða	18
<b>5</b>	<b>LOKAORÐ</b>	<b>19</b>
<b>6</b>	<b>HEIMILDASKRÁ</b>	<b>20</b>



## MYNDASKRÁ

<b>MYND 2.1</b>	Yfirlitsmynd af svæðinu að vetri til. _____	10
<b>MYND 2.2</b>	Útlit svæðisins að sumri til. _____	11
<b>MYND 2.3</b>	Nýr deiliskipulagsuppdrottur skíðasvæðisins í Oddsskarði _____	13
<b>MYND 2.4</b>	Valkostir við færslu byrjendalyftu. Gamli Oddsskarðsvegurinn verður fjarlægður. _____	14
<b>MYND 4.1</b>	Gróflega áætlað framkvæmdasvæði nýrrar barnalyftu. _____	16





## 1 INNGANGUR

Í mars 2023 var samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir skíðasvæðið í Oddsskarði í sveitarfélaginu Fjarðabyggð. Deiliskipulagið nær yfir svæði sem skilgreint er sem íþróttasvæði í nágildandi aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040. Þar er gert ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á þ.e.a.s til skíðaiðkunar og þjónustu við iðkendur.

Svæðið hefur lengi verið í notkun til skíðaiðkunar og var fyrsta lyftan tekin í notkun árið 1980. Síðan þá hefur skíðasvæðið smátt og smátt tekið á sig stærri mynd. Topp-lyftan var tekin í notkun árið 1990 og síðast árið 1999 kom núverandi byrjendalyfta. Árið 2010 var gert snjóflóðahættumat fyrir skíðasvæðið og kom þá í ljós að gera þyrfti breytingar innan svæðisins. Árið 2017 voru Oddsskarðsgöng aflögð og þar með vegurinn að þeim, en vegurinn lá þvert í gegnum skíðasvæðið. Því hafa því fjölmargir möguleikar opnast fyrir svæðið, sá umfangsmesti er að færa byrjendalyftuna þannig að staðsetning hennar verði utan snjóflóðahættusvæðis.

### 1.1 Mat á umhverfisáhrifum

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, skv. tl. 12.01 og 13.02 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021, þar sem um er að ræða skíðabrekkur, skíðalyftur, kláfar og tengdar framkvæmdir sem ná yfir 15 ha svæði.

Fjarðabyggð hefur falið EFLU verkfræðistofu að undirbúa greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar.

### 1.2 Upplýsingar um framkvæmdaraðila

Framkvæmdaraðili er sveitarfélagið Fjarðabyggð á Austfjörðum. Framkvæmdin er innan sveitarfélagsmarka Fjarðabyggðar.

## 2 UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDINA

### 2.1 Staðhættir

Skipulagssvæði skíðasvæðisins er um 90 ha að stærð í Sellátradal og er fjölsótt skíðasvæði á Austurlandi. Eina aðkoman að skíðasvæðinu er frá Eskifirði og um Oddsskarðsveg (nr. 9549). Fjarlægð frá gatnamótum Strandgötu á Eskifirði og Oddsskarðsvegi (nr. 9549) og að skíðasvæðinu er um 7 km. Skíðasvæðið er staðsett þar sem þjóðvegurinn lá áður fyrir frá Eskifirði til Neskaupstaðar um Oddsskarðsgöng, allt til ársins 2017. Nú í dag er búið að taka Norðfjarðargöng í gagnið og eru Oddsskarðsgöng lokuð fyrir umferð. Eina umferðin um svæðið er því til komin vegna skíðasvæðisins. Tvö íþróttafélög eru með aðstöðu sína á svæðinu en það eru Skíðafélag Fjarðabyggðar og Brettafélag Fjarðabyggðar.



**MYND 2.1** Yfirlitsmynd af svæðinu að vetri til.

Svæðið rammast inn af fremur bröttum, óstöðugum og misgrýttum hlíðum. Svartafjall, Magnúsartindur, Goðatindur og Sellátratindur umlykja svæðið og er landhæð svæðisins á bilinu 510 – 840 m.y.s. Heildargróðurþekja þar er mjög lítil og gróður að jafnaði lágvaxinn og gróskulítill. Svæðið er talsvert grýtt og ber þess einkenni að vera á úrkomusömu og röku svæði til fjalla. Þar sem svæðið er fremur hallalítið, einkennist svæðið af samfelldum mosabreiðum sem mynda oft á tíðum áberandi

gulgræna gróðurfláka. Einnig ber svæðið þess merki að vera raskað í þágu þeirrar starfsemi sem þar er stunduð.

Skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnun Íslands er lyngmóavist(L10.8), mosamelavist(L1.3), urðarskriðuvist(L3.1), mosamóavist(10.1) og hraungambraivist(L5.3) algengustu vistgerðirnar á svæðinu.



**MYND 2.2** Útlit svæðisins að sumri til. Vegfyllingin sem verður fjarlægð sést fyrir miðri mynd og gangamunni Oddskarðsganga vinstra megin.

Á skíðasvæðinu eru eftirfarandi byggingar:

- *Skíðaskáli:* Húsið er staðsett austan við núverandi bílastæði skíðasvæðisins og stendur í um 585 m.y.s. Skíðaskálinn var byggður árið 1986 eftir teikningu Magnúsar Gunnarssonar. Byggingin er á tveimur hæðum auk viðbyggingar á einni hæð sem byggð var eftir teikningu Steindórs Hinriks Stefánssonar. Í húsinu er starfrækt þjónustumiðstöð skíðasvæðisins og er þar m.a. salernisaðstaða, veitingasala, kortasala, skíðaleiga og starfsmannaáðstaða. Húsið er á snjóflóðahættusvæði B og þar er ekki heimiluð næturgisting. Skráð stærð skíðaskála er 108 m<sup>2</sup>.
- *Markhús:* Húsið er staðsett sunnan megin við Neðri-lyftu og hefur að geyma aðstöðu fyrir tímatöku.
- *Lítið hús við byrjendalyftu:* Húsið er staðsett norðaustan við efri hluta núverandi byrjendalyftu og hefur að geyma stjórnbúnað fyrir byrjendalyftu. Húsið er staðsett á snjóflóðahættusvæði C. Gert er ráð fyrir að flytja húsið samhliða flutningi á byrjendalyftu.
- *Lítið hús við Neðri-lyftu:* Húsið er staðsett norðan við neðri hluta Neðri-lyftu og hefur að geyma stjórnbúnað fyrir Neðri-lyftu ásamt því að hafa aðstöðu fyrir lyftuverði. Húsið er staðsett á snjóflóðahættusvæði B.

- *Lítið hús við Topplyftu:* Húsið er staðsett sunnan megin við efri enda Neðri-lyftu og hefur að geyma stjórnbúnað fyrir topplyftu ásamt því að hafa aðstöðu fyrir lyftuverði. Húsið er staðsett utan við skilgreint snjóflóðahættusvæði.
- *Áhaldahús:* Húsið er staðsett vestan við skíðaskálann, við núverandi bílaplan skíðasvæðisins. Húsið er byggt 2013 úr aðfluttum gámaeiningum á einni hæð. Áhaldahúsið er fyrir rekstraraðila skíðasvæðisins. Húsið er staðsett á snjóflóðahættusvæði B og gert er ráð fyrir að það sé víkjandi. Skráð stærð áhaldahúss er 111 m<sup>2</sup>.

Í Oddsskarði eru þrjár skíðalyftur, tvær þeirra (Neðri-lyfta og Topp-lyfta) eru sunnan megin við veginn og ein norðan megin (Byrjendalyfta). Við hverja lyftu eru lítil hús sem hýsa stjórnbúnað þeirra:

- Byrjendalyfta: er um 250 m löng diskalyfta norðan skíðaskála sem tekin var í notkun árið 1999. Lyftan er staðsett á snjóflóðahættusvæði B og C samkvæmt úttekt sem gerð var árið 2010 af Veðurstofu Íslands. Gert er ráð fyrir flutningi lyftunnar.
- Neðri-lyfta: er um 657 m löng diskalyfta sem liggur frá vestri til austurs, frá 513 m h.y.s. upp í 705 m h.y.s. Lyftan var tekin í notkun árið 1980. Lyftan er staðsett utan þekktra snjóflóðahættusvæða.
- Topp-lyfta: er um 460 m löng diskalyfta sem liggur einnig frá vestri til austur, frá 704 m h.y.s. upp í 840 m h.y.s. Lyftan var tekið í notkun árið 1990. Lyftan er staðsett utan þekktra snjóflóðahættusvæða.

Afkastageta lyftanna er samanlagt um 1.800 manns á klst. og er skíðasvæðið viðurkennt af FÍS, alþjóðaskíða sambandinu og er þar leyfilegt að halda alþjóðleg skíðamót. Neðri-lyfta og Topp-lyfta liggja hvor upp að annarri upp á öxl Goðatinds og er samanlögð lengd þeirra um 1.260 m. Samfelldur hæðarmunur á skíðabrekkunum er 330 m og eru helstu skíðaleiðir svæðisins upplýstar.

Lögð er gönguskiðabraut, yfirleitt í hring vestast á svæðinu, engin lýsing er á því svæði.

## 2.2 Framkvæmdir í samræmi við nýtt deiliskipulag

Nýtt deiliskipulag fyrir skíðasvæðið var samþykkt í mars 2023 og er stærsta breytingin, og stærsta einstaka framkvæmdin, færsla á byrjendalyftunni. Samkvæmt hættumati sem var gert árið 2010 er lyftan innan snjóflóðahættusvæðis C og því stendur til að færa lyftuna út fyrir skilgreind snjóflóðahættusvæði. Gamli Oddskarðsvegurinn verður aflagður sem gerir nýja staðsetningu lyftunnar mögulega.

Helstu framkvæmdir sem tiltekna eru í nýja deiliskipulaginu eru eftirfarandi:

**B1** – Á byggingarreit B1 er núverandi skíðaskáli. Heimilt verður að stækka núverandi skíðaskála um allt að 250 m<sup>2</sup>, hámarks fjöldi hæða byggingar eru tvær hæðir. Þannig að heildarbyggingarmagn getur verið allt að 360 m<sup>2</sup>. Samræma skal útlit, þakform, lita- og efnisval.

**B2** – Á byggingarreit B2 verður heimilt að reisa allt að tveggja hæða áhalda- og vélageymslu og þjónustuhús. Heildarbyggingarmagn getur verið allt að 1.500 m<sup>2</sup>. Staðsetning byggingar er frjálst innan byggingarreits.

**Bílastæði** - Við skíðasvæðið er gert ráð fyrir allt að 150 almennum bílastæðum, þar af tvö stæði fyrir hreyfihamlaða og að auki tveimur langstæðum sem nota má til lestunar og losunar. Notað

verður efni úr núverandi Oddsskarðsvegi sem nær frá bílastæðum og að Oddsskarðsgöngum í að byggja upp bílastæðin á svæðinu. Bílastæðin má byggja upp í áföngum.

**Neðri-lyfta** – Á byggingarreit Neðri-lyftu verður heimilt að endurnýja núverandi diskalyftu innan byggingarreits.

**Topp-lyfta** – Á byggingarreit Topp-lyftu verður heimilt að endurnýja núverandi diskalyftu innan byggingarreits.

**Byrjendalyfta** – gert er ráð fyrir að innan byggingarreits verði heimilt að reisa nýja diskalyftu ásamt því að reisa lítið hús fyrir stjórnbúnað lyftunnar að hámarki 20 m<sup>2</sup>. Gert er ráð fyrir að lyftan verði allt að 360 m að lengd og getur legið frá um 540 m.y.s. til 610 m.y.s. Jafnframt þarf að ráðast í landmótun meðfram lyftunni til að slétta svæðið og gera hæft til skíðaiðkunar.




**MYND 2.3** Nýr deiliskipulagsuppráttur skíðasvæðisins í Oddsskarði

Gert er ráð fyrir að það jarðvegsefni sem þarf vegna endurbóta á bílastæðum og byggingar áhald- og vélageymslu verði tekið úr núverandi vegi þ.e.a.s. frá bílastæði og að gangnamunna Oddsskarðsgangna. Ekki er ljóst hversu mikið magn þarf til en það ræðst að mestu leyti af þeim jarðvegi sem er á svæðinu. Gróf magntaka gefur að í vegfyllingunni séu um 35.500 m<sup>3</sup> af efni sem sé hægt að nýta. Þar sem efnistaka mun fara fram úr vegfyllingu verður landið mótað fyrir troðnar skíðaleiðir og grædd upp með staðargróðri.

## 2.3 Valkostir

Allar helstu framkvæmdir eru viðbætur eða breytingar á mannvirkjum sem eru nú þegar til staðar. Stærsta breytingin er færsla á byrjendalyftunni og við vinnslu nýsamþykks deiliskipulags voru tveir valkostir til skoðunar vegna færslu byrjendalyftu til viðbótar við núllkost (sjá mynd 2). Báðir valkostir gera ráð fyrir að byrjendalyfta verði færð utan hættusvæðis og núverandi vegfylling frá bílastæði skíðasvæðisins að Oddsskarðsgöngum verði fjarlægð og svæðið mótað.



**MYND 2.4** Valkostir við færslu byrjendalyftu. Gamli Oddskarðsvegurinn verður fjarlægður.

Bornir voru saman eftirfarandi valkostir:

- Valkostur I – Núll kostur. Ekkert verður gert á svæðinu og svæðið leyft að halda sér óbreytt til framtíðar, byrjendalyfta er innan hættusvæðis.
- Valkostur II – Staðsetning byrjendalyftu liggur norður - suður, utan hættusvæðis.
- Valkostur III – Valinn kostur. Staðsetning á byrjendalyftu liggur austur – suður og er einnig samsíða öðrum lyftum innan svæðisins, utan hættusvæðis.

Í deiliskipulaginu voru borin saman áhrif á gróðurfar og dýralíf, landslag og ásýnd, samfélag, náttúruvá og öryggi og minjar. Niðurstaðan var að valkostur III hefði í för með sér minnst neikvæð áhrif og mest jákvæð.

## 2.4 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Framkvæmdir við færslu skíðalyftunnar eru háðar framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins. Byggingar eru byggingarleyfisskyldar og bílastæði er framkvæmdaleyfisskylt.

## 3 SKIPULAG

### 3.1 Aðalskipulag

Nýtt deiliskipulag var unnið á grundvelli gildandi aðalskipulags Fjarðabyggðar 2020-2040 sem samþykkt var 28. apríl 2022. Þar er svæðið skilgreint sem íþróttasvæði (ÍP20), 86,5 ha svæði fyrir Skíðamiðstöð Austurlands. Þar kemur einnig fram að skíðamiðstöðin er eina skíðasvæðið í Fjarðabyggð. Svæðið er viðurkennt keppnissvæði og þar er hægt að halda alþjóðleg skíðamót.

Eftirfarandi skipulagsákvæði gildir fyrir svæðið:

*„Á svæðinu er gert ráð fyrir skíðasvæði og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins til skíðaiðkunar og þjónustu við skíðafólk kallar á.“*

### 3.2 Deiliskipulag

Nýtt deiliskipulag fyrir skíðasvæðið var samþykkt í mars 2023. Þessi matsskyldufyrirspurn er send inn til að Skipulagsstofnun geti ákvarðað hvort að þær breytingar á aðstöðu og framkvæmdir sem tiltekna eru í skipulaginu séu það umfangsmiklar og hafi það mikil umhverfisáhrif að þær skuli fara í gegnum fullt mat á umhverfisáhrifum.

## 4 HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR

Við umfjöllun á þeim umhverfisáhrifum sem hljótast af framkvæmdinni skal litið til þeirra viðmiða sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021. Sá þáttur framkvæmdarinnar sem líklegastur er til að hafa áhrif á umhverfið er færsla á byrjendalyftu út fyrir skilgreint snjófljóðahættusvæði. Hér verður fjallað um þá umhverfisþætti sem gætu orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar, þ.e. gróður, fuglalíf, jarðminjar, landslag og ásýnd, fornminjar og samfélag.

### 4.1 Gróður

Ný staðsetning byrjendalyftu verður að stórum hluta innan gamla vegstæðis Oddskarðsvegar og þar fyrir ofan eru aðrir vegslóðar tengdir skíðasvæðinu. Framkvæmdasvæðið er því að stórum hluta raskað. Sá gróður sem finnst á svæðinu er fábrotinn og gróðurþekja slitrótt. Skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnun Íslands er lyngmóavist(L10.8), mosamelavist(L1.3), urðarskriðuvist(L3.1), mosamóavist(10.1) og hraungambravist(L5.3) algengustu vistgerðirnar á svæðinu. Lyngmóavist er með hátt verndargildi, urðarskriðuvist með miðlungs en hinar með lágt verndargildi [1].



**MYND 4.1** Gróflega áætlað framkvæmdasvæði nýrrar barnalyftu.



Undir lyftunni sjálfri verður varanlegt rask á gróðri. Meðfram henni, í skíðabrekkunni og landmótuninni verður yfirborð sléttað svo að sem minnstan snjó þurfi til skíðaiðkunar. Jafnara yfirborð gæti hjálpað gróðri en hann mun fá fullt tækifæri til að ná sér aftur á strik, sbr. meðfram öðrum skíðalyftum á svæðinu. Þetta er þó hátt yfir sjávarmáli svo líklegt er að það taki einhvern tíma. Samkvæmt skilmálum deiliskipulagsins verður vegstæðið jafnað og grætt upp.

#### 4.1.1 Niðurstaða

Svæðið er mikið til nú þegar raskað og gróðursnautt. Búast má við því að gróður nái sér aftur á strik og verði svipaður og fyrir framkvæmdir og sambærilegur þeim gróðri sem er við aðrar skíðalyftur, þó að það gæti tekið nokkurn tíma. Heilt yfir metur framkvæmdaraðili að áhrif á gróður séu óveruleg.

## 4.2 Fuglalíf

Svæðið er hátt yfir sjávarmáli og hrjóstrugt og er fuglalíf fábrotið eftir því. Helst er á svæðinu að finna búsvæði fyrir steindepil og sólskríkju. Heiðlóa og þúfutittlingur gæti mögulega einnig verið að finna neðst á svæðinu þar sem gróður er mestur.

Ekki er búist við því að búsvæði fugla minnki að einhverju ráði við framkvæmdirnar, jafnvel gætu þau stækkað að einhverju leyti við það að Oddskarðsvegur verður fjarlægður. Helstu áhrifin felast líklega í truflun á framkvæmdatíma en þau áhrif eru tímabundin.

#### 4.2.1 Niðurstaða

Fuglalíf á svæðinu er lítið og fábreytt. Framkvæmdin mun ekki raska miklu búsvæði og helstu áhrif eru tímabundin á meðan framkvæmdum stendur. Framkvæmdaraðili metur áhrif á fuglalíf óveruleg.

## 4.3 Jarðmyndanir

Efni verður að mestu fengið úr gömlu vegfyllingu Oddskarðsvegar og með því að færa til efni í landmótun, ekki stendur því til að opna sérstakar námur. Berggrunnur á svæðinu er hefðbundið blágrýti og engar jarðmyndanir eru á svæðinu sem njóta sérstakrar verndar.

#### 4.3.1 Niðurstaða

Ekki stendur til að opna nýjar námur og engar jarðmyndanir á svæðinu njóta sérstakrar verndar, framkvæmdaraðili telur því áhrif á jarðmyndanir óveruleg.

## 4.4 Landslag og ásýnd

Byrjendalyftan verður færð nær og samsíða hinum skíðalyftum svæðisins. Skíðalyftur svæðisins munu þá ekki dreifa jafn mikið úr sér sem minnkar ásýnd og landnotkun. Jafnframt stendur til að fjarlægja Oddskarðsveg sem mun einnig hafa jákvæð áhrif á ásýnd og landnotkun. Á móti kemur verða bílastæði stækkuð.

#### 4.4.1 Niðurstaða

Með því að hafa allar skíðalyftu samsíða og nær hvor annarri, og fjarlægja Oddskarðsveg, metur framkvæmdaraðili áhrif á landslag og ásýnd nokkuð jákvæð.

### 4.5 Fornminjar

Minjavörður Austurlands tók út skipulagssvæðið árið 2018 og ekki var talin ástæða til að kalla til frekari skráningar.

#### 4.5.1 Niðurstaða

Minjavörður Austurlands hefur tekið út framkvæmdasvæðið og engar minjar er þar að finna, framkvæmdaraðili metur því áhrif á fornminjar engin.

### 4.6 Samfélag

Með uppbyggingu skíðasvæðisins er verið að skapa betri aðstöðu fyrir íþróttaiðkun á svæðinu, ásamt því að renna styrkari stoðum undir atvinnurekstur á svæðinu. Gera má ráð fyrir að aðdráttarfl svæðisins mun aukast en verið er að auka fjölbreytni á troðnum leiðum, sem höfðar til breiðari hóps notenda svæðisins. Uppbygging svæðisins mun mögulega hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og skapa meiri fjölbreytni í vetrarafþreyingu fyrir ferðamenn á Austurlandi.

Eitt af meginmarkmiðum við deiliskipulagsgerðina var að stuðla að bættu öryggi á svæðinu með tilliti til snjóflóðahættu. Færsla á byrjendalyftu af snjóflóðahættusvæði og staðsetning nýrra bílastæða er liður í því að auka öryggi á svæðinu. Einnig mun stækkun bílaplans tryggja betra umferðarflæði inn á svæðið og gera svæðið betur í stakk búið til að taka á móti fjölda fólks. Áhrif deiliskipulagsins á öryggi eru talin jákvæð þar sem verið er að tryggja öryggi gesta og starfsmanna en það er ábótavant í dag.

#### 4.6.1 Niðurstaða

Framkvæmdaraðili metur áhrif framkvæmdarinnar á samfélag töluvert jákvæð sökum betra skíðasvæðis og færslu á byrjendalyftu út fyrir snjóflóðahættusvæði.

## 5 LOKAORÐ

Framkvæmdir af þessu tagi falla í flokk B í lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum. Í 2. viðauka laganna eru tilgreind viðmið sem litið skal til við mat á framkvæmdum. Þær viðmiðanir eru þrjár; eðli framkvæmdar, staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar. Hér verða teknar saman þær niðurstöður sem hafa fengist í köflunum á undan.

1. Eðli framkvæmdar: Framkvæmdin sem um ræðir er framfylgd nýsamþykks deiliskipulags skíðasvæðisins í Oddsskarði. Helstu framkvæmdir eru færsla á byrjendalyftu, stækkun bílastæðis og fjarlæging Oddskarðsvegar.
2. Staðsetning framkvæmdar: Framkvæmdasvæðið er að mestu á röskuðu svæði skíðasvæðisins í Oddsskarði við Eskifjörð.
3. Eiginleikar hugsanlegra áhrifa: Framkvæmdaraðili metur áhrif á flesta náttúrulega umhverfisþætti óveruleg. Svæðið er að mestu raskað og helstu áhrif eru tímabundin. Áhrif á fornleifar eru metin engin. Áhrif á samfélag eru metin töluvert jákvæð, einkum vegna aukins öryggis með færslu á byrjendalyftu út fyrir snjóflóðahættusvæði.

## 6 HEIMILDASKRÁ

[1] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Vistgerðir á landi - staðreyndarsíður,“ [Á neti]. Available: <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land>. [Skoðað 9 maí 2023].